



Fundur stjórnar Fjórðungssamband Vestfirðinga miðvikudaginn 3. október 2012, kl 17.15. Haldinn í Grunnskólanum á Bíldudal.

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Jón Jónsson og Ómar Már Jónsson. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og kynnti að Sigurður Pétursson, boðaði forföll og varamaður hans einnig.

1. Undirbúningur 57. Fjórðungspings Vestfirðinga.

- 57. Fjórðungspings Vestfirðinga verður haldið á Bíldudal fimmtudag 4. og föstudag 5. október í Félagsheimilinu Baldurshaga. Dagskrá þingsins er lögð upp með að á fimmtudegi verði stefnumótun sem hluta undirbúningi sóknaráætlunar landshluta fyrir Vestfirði og umræða um stöðu stoðkerfis atvinnu og byggðapróunar á Vestfjörðum og tillögur þar um. Á föstudegi verði hefðbundin þingstörf.
- Rædd og samþykkt tillaga að fyrirkomulagi að stefnumótunarvinnu, tillagan verður kynnt á heimasíðu FV.
- Rædd staða í stoðkerfi atvinnu og byggðapróunar á Vestfjörðum. Tillaga stjórnarfundar FV frá 11. september um hluthafafund í félaginu hefur ekki verið svarað með formlegum hætti en stjórn atvest vill ræða efni fundarins. Samþykkt að vísa málinu til 57. Fjórðungspings.
- Farið yfir efni ályktana stjórnar fyrir þingið.
- Farið yfir embættismenn þingsins og formenn nefnda, tillaga til þingsins er eftirfarandi.
Þingforseti. Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð
Vara þingforseti. Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafjarðarhreppi
Kjörnefnd. Elías Jónatansson formaður, Jón Gísli Jónsson, Ásdís Snót
Guðmundsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson og Jóna Benediktsdóttir.
Kjörbréfanefnd. Arnheiður Jónsdóttir, formaður, Jenný Jensdóttir og Ásgeir Jónsson
Fjórðungsmálanefnd, Gísli Halldór Halldórsson, formaður, Ísafjarðarbæ
Allsherjarnefnd, Andrea Björnsdóttir, formaður, Reykhólahreppi
Fjárhagsnefnd. Baldur Smári Einarsson, formaður, Bolungarvík
- Jón Jónsson tilkynnti að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs í stjórn FV á 57. Fjórðungspingi Vestfirðinga, þakkaði hann stjórn og framkvæmdastjóra ánægjulegt samstarf. Formaður, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þökkuðu einnig gefandi samstarf og horfðu fram til samstarfs með Jóni sem starfsmanni sambandsins sem Menningarfulltrúa Vestfjarða.



2. Undirbúningur fundar með þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Árlegur fundur þingmanna Norðvesturkjördæmis verður haldinn fimmtudaginn 3. október í Félagsheimilinu Baldurshaga á Bíldudal. Fundurinn hefst kl 9.00 og stendur til kl 12.30.

Formaður fór yfir skiplag fundarins og efnisatriði stjórnar.

Framkvæmdastjóri vék af fundi.

3. Endurnýjun kjarasamnings framkvæmdastjóra.

Formaður kynnti efni endurnýjaðs kjarasamnings framkvæmdastjóra. Rætt um efni samningsins og launakjör og stjórn samþykkti tillögu formanns.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 22.00